



Umbótaáætlun í framhaldsfræðslu

Byggð á heildarúttekt Capacent á framhaldsfræðslu 2013-2014

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Markmið laga um framhaldsfræðslu	2
Helstu niðurstöður úttektar	3
Helstu ábendingar	3
Umbótaáætlunin	3
Kerfið í heild sinni.....	3
1. Stefnumótun.....	3
2. Markhópar	5
3. Úthlutunarreglur.....	5
4. Hlutverk fræðsluaðila á sviði þróunar	6
Markaðssetning.....	6
5. Kynning á fimmtu stoðinni.....	6
6. Þekking atvinnulífsins á framhaldsfræðslunni	7
7. Könnun í fyrirtækjum.....	8
8. Ráðgjafar kynni framhaldsfræðsluna.....	8
Mat á námi	9
9. Samræmdar reglur um mat á námi	9
10. Nám innan fyrirtækja	9
Námsskráargerð	10
11. Þjónustukannanir	10
Náms- og starfsráðgjöf.....	11
12. Efling ráðgjafar	11
13. Yfirlit árangurs og skilgreining á viðtölum.....	11
Raunfærnimat	12
14. Hópar í dreifbýli.....	12
15. Mettun í greinum	12
Samskipti milli aðila.....	13
16. Samstarf jafningja.....	13
17. Fleiri samtals- og umræðufundir	13
18. Nýta má góð dæmi til þróunar	13
MySchool –nemendabókhald og miðlæg skráning	14
19. Miðlægt mat.....	14
20. Skráningarkerfi	14

Inngangur

Í 3. gr. þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið (24. nóvember 2010) kemur fram að ráðuneytið skuli að höfðu samráði við FA láta gera heildarúttekt á starfsemi miðstöðvarinnar fyrir árslok 2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði til í bréfi til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 23. maí 2013 að í stað heildarúttektar á FA yrði gerð heildstæð úttekt á framhaldsfræðslukerfinu, sem beindist að hlutverkum, verkaskiptingu og samstarfi FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila, annarra hagsmunaaðila og ráðuneytis.

Framkvæmd úttektarinnar var falin Capacent. Það voru þeir Arnar Jónsson og Gunnar Haugen, sem báru ábyrgð á framkvæmd hennar.

Meginmarkmið úttektarinnar er að tillögu mennta- og menningarmálaráðuneytisins að:

- Leggja mat á þróun framhaldsfræðslukerfisins (FA, Fræðslusjóður, símenntunarmiðstöðvar), skilvirkni þess og nýtingu fjár.
- Skoða hvaða árangri það hefur skilað sl. fimm ár og hvernig samskiptum milli hagsmunaaðila og ákvarðanatöku er háttað.
- Sérstök áhersla er lögð á að leggja mat á áhrif og skilvirkni kerfisins.

Tilgangur úttektarinnar er að svara því, gagnvart bæði hagsmunaaðilum og einstökum samningsaðilum, að hve miklu leyti þeim markmiðum sem að var stefnt hafi verið náð, hvort þau hafi verið raunhæf, bæði faglega og fjárhagslega. Lögð var áhersla á að opna markvisst samtal úttektaraðila við fulltrúa FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila og annarra hagsmunaaðila þannig að unnið væri að því í sameiningu að svara þeim spurningum sem úttektin útheimti.

- Úttektin byggist annars vegar á fyrirbyggjandi gögnum eins og gildandi samningum, fjárhagslegum upplýsingum og fyrri úttektum og sjálfsmati þar sem slíkt efni lá fyrir. Þessi gögn voru nýtt til þess að undirbúa og útfæra þá gagnaöflun sem úttektin krafðist. Hins vegar byggist úttektin á þeim gögnum sem úttektaraðilar öfluðu frá stofnunum og aðilum ásamt samanburði og úrvinnslu á þeim gögnum sem aflað var m.a. ýmsum lykiltölum.
- Alls áttu úttektaraðilar samskipti við 73 einstaklinga við vinnslu úttektarinnar.
- Samhliða úttektinni og eftir að vettvangsheimsóknum ráðgjafa til aðila lauk, var framkvæmd viðhorfskönnun meðal notenda þeirrar þjónustu sem framhaldsfræðslukerfið sinnir.

Markmið laga um framhaldsfræðslu

- a) að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- b) að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
- c) að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
- d) að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
- e) að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,

- f) að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- g) að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
- h) að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Helstu niðurstöður úttektar

- Framhaldsfræðslukerfið hefur náð þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fé til málaflokksins er nýtt á skilvirknan hátt og renna með skýrum hætti til þeirra verkefna sem að er stefnt.
- Samskipti FA, fræðslusjóðs og fræðsluaðila eru til fyrirmyndar.
- Framhaldsfræðslan nýtur þess að geta brugðist hratt við breytingum á þörfum markhópsins vegna nálægðar stéttarféлага við félagsmenn og fyrirtækja við starfsmenn.
- Viðhorfskönnunin á meðal þátttakenda gefur til kynna að framhaldsfræðslan breyti lífi og störfum fólks sem sækja sér nám og þjálfun innan kerfisins. Niðurstöður viðhorfskönnunar eru í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við úttektina.
- Mikil ánægja ríkir á meðal þátttakenda í framhaldsfræðslukerfinu með námsleiðir, ráðgjöf og raunfærnimat. Sú niðurstaða er einnig í góðu samræmi við önnur gögn.
- Lögfestingin 2010 hefur aukið formfestu, þótt til staðar sé mikið til sama verklag og fyrir lagasetninguna. Nokkrir fræðsluaðilar telja að framhaldsfræðslukerfið sé hugsanlega síður í stakk búið til þess að bregðast hratt við breytingum í ytra umhverfi þeirra sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda.

Helstu ábendingar

Helstu ábendingar tengjast því að efla þarf samtal ólíkra aðila í kerfinu til að vinna að einföldun þess og auka skilvirkni. Það má gera með skipulagðri markaðssetningu, mati á námi á milli kerfa og betra kerfi til utanumhalds. Ábendingar varða einnig formlegheit tengd Fræðslusjóði, sem herða á verklagi. Hér að neðan er farið yfir helstu viðfangsefni umbótaáætlunar og gerðar tillögur að umbótum og hvernig ólíkir aðilar innan framhaldsfræðslukerfisins geta tekið ábyrgð á skilgreindum aðgerðum.

Umbótaáætlunin

Þessi umbótaáætlun er unnin af starfsmönnum FA með aðkomu stjórna FA og Fræðslusjóðs og snýr að ábendingum í úttektarskýrslu. Þar sem um heildarúttekt á framhaldsfræðslukerfinu er að ræða þurfa fleiri hagsmunaaðilar að koma að umbótum til að árangur náist. Ásamt þeim umbótum sem FA og Fræðslusjóður hyggjast vinna að eru gerðar tillögur að umbótum sem fræðsluaðilar og mennta- og menningarmálaráðuneytið gætu unnið að. Umbótaáætlunin er þess vegna send þessum aðilum til umfjöllunar. Efnisatriðum er raðað í flokka eftir því hvort þau eru almenns eðlis eða sértækari fyrir framhaldsfræðsluaðila. Innan hvers kafla eru tilvitnanir í úttektarskýrslu skáletraðar, í sumum tilfellum er útskýrð staða mála og loks eru gerðar tillögur að aðgerðum.

Kerfið í heild sinni

1. Stefnumótun

Þörf er fyrir að sá fjölbreytt hópur sem kemur að framhaldsfræðslunni fari í stefnumótunarvinnu til að móta heildarsýn og aðkomu að viðfangsefninu – hin raunverulega fimmta stoð.

Tillögur að aðgerðum:

Fræðslusjóður skipuleggi stefnumótunarfund allra aðila sem koma að framhaldsfræðslu.

MRN hefur ákveðið að skipa verkefnahóp sem á að „móta tillögur að úrbótum og breytingu á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla“. Mikilvægt er að samhengi verði á milli þeirrar stefnumótunar sem fram fer á vettvangi Fræðslusjóðs og þessa verkefnahóps.

Nokkrir fræðsluaðilar telja að framhaldsfræðslukerfið sé hugsanlega síður í stakk búið til að bregðast hratt við breytingum í ytra umhverfi þeirra sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda. Jafnframt ræddu margir viðmælenda það sjónarmið að hættu væri á að framhaldsfræðslukerfið yrði gert að „menntaskóla“ sem myndi „fæla“ viðskiptavini kerfisins frá, sem jafnframt myndi kalla á stofnun annars óformlegs kerfis í framhaldinu.

Neðangreint spennukort var gert af starfsmönnum FA vegna þessara ábendinga.



Spennukort Formfesta v/sveigjanleiki í fullorðinsfræðslu

Áhersla á formfestu - kostir

Skýrar reglur/ferli, ábyrgð, kröfur, gagnsæi, samvinna/viðurkenning milli kerfa, réttlæti, jafnræði, hlutverk skýr, sömu kröfur, öryggi, stöðugleiki í rekstri, skilvirkni, afköst, mælanleg markmið, gæði, EOM, EOF, samvinna milli kerfa, markvissari þróunarvinna, skýr stefna tryggir fjármagn, mat atvinnulífs, auðveldara kynningarstarf

Neikvæðar afleiðingar ofuráherslu

Minni sveigjanleiki, sagt fyrir verkum, hroki, minnkar möguleika á nýsköpun, hægfara, bregsts einna við þörfum, minni framþróun, minni sköpun, dregur úr vilja, færast ofmikið í fang, sérþekking í fárra höndum, dregur úr fjölbreytni, tekur ekki tillit til sérstakra aðstæðna, minnkar samkeppnishæfni, hvati til breytinga minnkar, stöðnun og meiri líkur á að starfið verði lagt niður.

Áhersla á sveigjanleika - kostir

Auðveldara að bregðast hratt við breytingum, mæta þörfum strax, rétt nám á réttum stað á réttum tíma, snerpa, komatíla mótis við fjölbreyttar þarfir, vinna með nýjungar, þróun, nýsköpun, fleiri nýta sér kerfið, jafningjagrundvöllur, dreifing á þekkingu, meiri hvati til frumkvæðis, mætir frekar fjölbreyttum hæfileikum starfsmanna og námsmanna.

Neikvæðar afleiðingar ofuráherslu

Minni gæði, brotakennd vinna, stuttur líftími afurða, óljósari afurðir, ómarkvissari þróunarvinna, erfiðt að ná fram stöðugleika í verkefnum og stefnumótun, skortur á yfirsýn, situr síður eftir þekking, óöryggi, kennarar staðna þó kerfið sé sveigjanlegt, óreiða, minni sérhæfing, minna mat, minni samfella, erfiðara að fjármagna, kaos, meiri líkur á að starfið verði lagt niður.

Tillaga að aðgerðum:

Fræðslusjóður standi fyrir stefnumótunarfundi þar sem tekin verði afstaða til þess hvernig framhaldsfræðslan eigi að vera staðsett varðandi formfestu / sveigjanleika. Fræðslusjóður stendur fyrir þessari vinnu í samstarfi við aðra hagsmunaaðila í framhaldsfræðslu. Tekið verði tillit til markmiða í Hvítbók og fjárlögum.

MRN hefur sett af stað vinnu verkefnahóps sbr. upplýsingar hér að ofan. Mikilvægt er að samhengi sé í vinnu ráðuneytisins og Fræðslusjóðs hvað varðar vinnuna og afraksturinn.

2. Markhópar

Þörf fyrir að skilgreina skýrar að framhaldsfræðslukerfið geti í raun verið fyrir alla hópa sem hafa litla formlega menntun hvort sem þeir eru á vinnumarkaði eða ekki. Það skiptir máli fyrir einstaklingana, breytir kerfinu ekki mikið eða fjármögnun.

Kerfið er opið öllum markhópum laga um framhaldsfræðslu hvort sem þeir eru á vinnumarkaði eða ekki. Eingöngu er takmörkuð þátttaka þeirra sem eru með meiri menntun, enda ekki markhópur laganna. Þó eru rök fyrir því að innflytjendur með meiri menntun, sem sinna störfum á íslenskum vinnumarkaði, sem ekki krefjast formlegrar menntunar, tilheyri markhópi laganna. Fræðslusjóður hefur lýst yfir vilja til þess með markhópagreiningu sinni. Þeir sem standa utan markhóps laganna hafa þó möguleika að sækja úrræði sem henta þeim innan framhaldsfræðslunnar á 20% kvóta, en áskilið er í skilmálum Fræðslusjóðs að 80% þátttakenda séu í markhópi laganna.

FA hefur unnið að námsskráargerð með ýmsum sem vinna að menntunarmálum markhópa framhaldsfræðslulaga svo fremi að markmið námsins falli að ákvæðum laganna m.a. vegna tímalengdar náms. FA hefur einnig fengið styrk gegnum Erasmus plus undir stjórn Belga til að vinna að GOAL verkefninu þar sem áherslan er á að ná til þeirra hópa sem standa verst að vígi með ráðgjöf gegnum öflugra samstarf ýmissa hagsmunaaðila. GOAL verkefnið er á stefnumótunarstigi / ráðuneytisstigi og er unnið fyrir hönd MRN.

Fræðslusjóður hefur ekki styrkt nám hjá fræðsluaðilum sem njóta opinberra framlaga til að kosta námið. Markhópur framhaldsfræðslunnar hefur verið yfir 20 ára aldri, stundum með hærri aldursmörkum í einstökum námsleiðum. Nokkuð er óskað eftir undanþágum vegna yngra fólks þ.e. frá 18 ára aldri, sem jafnvel hefur verið lengi á vinnumarkaði.

Tillaga að aðgerðum:

Fræðslusjóður taki afstöðu til þess hvort styrkja eigi námsleiðir hjá aðilum sem hafa sérstök framlög frá ríkinu til þeirra mála, sem dæmi má nefna Félagsmálaskóla alþýðu og Fjölmennt. Einnig þarf að taka ákvörðun varðandi yngra fólk sem t.d. þiggur atvinnuleysisbætur og hefur því verið á vinnumarkaði nokkurn tíma. Í ljósi niðurstöðu fjárlaga um að skólakerfið taki eingöngu inn fólk undir 25 ára aldri þarf að skoða hvort þessi ákvörðun hafi áhrif á áherslur framhaldsfræðslunnar.

MRN gæti komið að ákvörðun stjórnar Fræðslusjóðs eða fundað sérstaklega með stjórn Fræðslusjóðs um ofangreind málefni. Hugsanlega er hægt að gera það í tengslum við endurskoðun úthlutunarreglna og skilmála Fræðslusjóðs.

3. Úthlutunarreglur

Úthlutunarreglur Fræðslusjóðs þykja ógagnsæjar og óljósar og þær hefði þurft að kynna betur. Hver var upphaflega skiptireglan? Styrkir og þróunarvinna virðast ekki byggja á langtímahugsun.

Gerðar voru verulegar endurbætur á skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs m.a. að tilstuðlan fræðsluaðila. Þessar reglur voru staðfestar af MRN í júlí 2014, þ.e. eftir að úttekt lauk. Við þessar endurbætur var tekið tillit til athugasemda fræðsluaðila að mjög miklu leyti. MRN fór einnig fram á ýmsar breytingar á skilmálum og óskar áframhaldandi viðræðna um skilmála og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs haustið 2014. Þessi vinna er ekki hafin.

Tillögur að aðgerðum:

Fræðslusjóður taki óskir fræðsluaðila um gagnsæi og skýrar reglur til sín og bæti þær eftir bestu getu.

Óskum fræðsluaðila verði haldið til haga í viðræðum Fræðslusjóðs við menntamálaráðuneytið um úthlutunarreglur og skilmála. Fræðslusjóður kynni síðan nýja skilmála á fundi með fræðsluaðilum og þá verði farið vandlega yfir allar forsendur.

Fræðsluaðilar gætu lagt mat á hvort úrbætur sem gerðar hafa verið á skilmálum og úthlutunarreglum uppfylli kröfur um gagnsæi og skýrleika og mótað tillögur að því hvernig hægt sé að byggja langtímahugsun inn í reglurnar gagnvart þróunarvinnu og sendi stjórn Fræðslusjóðs.

4. Hlutverk fræðsluaðila á sviði þróunar

Aðilar eins og Mímir gætu tekið að sér hlutverk á sviði þróunar. Starfsmennt gæti tekið að sér þróunarhlutverk sviði útvistunar fræðsluverkefna til að kanna hvort hægt sé að auka sveigjanleika kerfisins með því að draga fleiri aðila að menntun markhópsins.

Upphaflega hugmyndin að baki samstarfi í framhaldsfræðslu var að nýta þróunina til hagsbóta fyrir alla fræðsluaðila. Þannig voru fyrstu námsskrárnar allar frá Mími-símenntun, sem var stærsti aðilinn og hafði mestu reynsluna af starfi fyrir markhópinn. Byggt var á þessari hugsun líka þegar ákveðið var að raunfærnimat í iðngreinum yrði á ábyrgð fræðslumiðstöðva iðngreina. Í raunfærnimati utan iðngreina er að verða þróun í átt að sérhæfingu fræðsluaðila sem hægt er að fylgja eftir, ef það verður niðurstaðan. Í krafti sérþekkingar getur líka skapast yfirburða staða/einokun sem þarf að taka afstöðu til.

Reglur Fræðslusjóðs kalla á að leitað sé eftir tilboði frá fagaðilum ef verkefnum er útvistað. Þessi regla eykur samkeppnishugsun í kerfinu. Margir fræðsluaðilar hafa verið ósáttir við þessa leið. Í seinni tíð hefur komið fyrir að þegar einn fræðsluaðili fær hlutverk, sem hefur með alla fræðsluaðila að gera, þá finnst öðum að sér vegið. Í IPA verkefninu náðust hagstæðari verð heldur en verðlag Fræðslusjóðs gerir ráð fyrir með því að fræðsluaðilar gerðu tilboð í raunfærnimatsverkefni. Þetta málefni þarfnast stefnumótunar allra þeirra sem koma að framhaldsfræðslu.

Tillögur að aðgerðum:

Fræðslusjóður taki þetta málefni fyrir á stefnumótunarfundi. Til að ná sátt um þetta markmið þyrftu allir aðilar að koma sér saman um hvernig slík verkaskipting gæti verið og vera tilbúnir til að beygja sig undir þær ákvarðanir sem teknar eru af þeim sem ber ábyrgð á verkinu. Þeir þyrftu líka að vera tilbúnir til samráðs til að afurðin henti öllum. Það er því mikilvægt að huga að aðkomu þeirra sem eiga að njóta fræðslunnar s.s. fulltrúa launafólks, fyrirtækja og starfsmenntasjóða um land allt. Samkomulag þyrfti að vera um hvernig verð á þjónustunni er ákvarðað. Önnur leið er að auka samkeppni í kerfinu.

Markaðssetning

5. Kynning á fimmtu stoðinni

Þörf fyrir markaðssetningu framhaldsfræðslunnar út frá sameiginlegri mótun FA og fræðsluaðila - auka kynningar á 5. stoðinni.

Hugmyndir að markaðssetningu framhaldsfræðslunnar hafa verið í vinnslu um allnokkurt skeið undir forystu FA. FA fékk til liðs við sig markaðsfræðing til að leggja upp áætlun, sem kynnt var nokkrum auglýsingastofum. Valin var ein auglýsingastofa til að vinna áfram með hugmyndir að markaðssetningu. Sett var af stað vinna með auglýsingastofunni og tóku starfsmenn hjá FA og

nokkrum fræðsluaðilum þátt í henni. Eftir að fyrstu tillögur bárust voru þær kynntar hópi námsmanna í framhaldsfræðslu. Þeim leist ekki nægilega vel á. Því var auglýsingastofan beðin um aðra tillögu. Þetta starf fór í hægagang vegna óvissu um IPA verkefnið, þar sem FA mátti þola fjárhagslega óvissu, en ákveðið hafði verið að FA myndi standa á bak við hluta af þessari markaðssetningu. Nú hefur starf FA og stjórnar KVASIS verið endurvakið og mun málið fá umfjöllun hjá fræðsluaðilum á næstu mánuðum. Tilraunaútgáfa af upplýsingavefnum Næsta skref (afurð IPA verkefnisins) er komin í loftið, en í gegnum vefinn eru tækifæri til markaðssetningar á leiðum og þjónustu á vegum framhaldsfræðslunnar. Fjármögnun áframhaldandi þróunar er í óvissu.

Tillögur að aðgerðum:

Allir aðilar þurfa að ræða hvort og með hvaða hætti þeir geti sammælt um sameiginlega heildarsýn um kynningu á framhaldsfræðslu sem 5. stoðinni í menntakerfinu, þar sem hver aðili kemur að málinu á eigin forsendum.

Fræðsluaðilar hafa ásamt FA hafið undirbúning að sameiginlegu kynningarátaki á framhaldsfræðslunni til að gera hana sýnilegri í samfélaginu.

FA heldur utan um vinnuhóp fræðsluaðila, sem leggur grunn að kynningaráætlun á framhaldsfræðslunni með auglýsingastofu. FA mun einnig leita eftir upplýsingum frá tilraunaverkefninu Menntun núna í Breiðholti, þar sem sérstök áhersla hefur verið á að ná til erlendra íbúa Breiðholts.

Fræðslusjóður íhugi hvort til greina komi að taka fjárhagslega þátt í kynningu á framhaldsfræðslunni.

MRN gæti rætt málið við fræðsluaðila á reglulegum fundum og tengt kynningarmál inn í samninga við fræðsluaðila og FA. MRN getur jafnframt tekið til skoðunar fjármögnun á þróun og viðhaldi vefsins Næsta skref.

6. Þekking atvinnulífsins á framhaldsfræðslunni

Afla upplýsinga um það hversu vel atvinnulífið þekkir vettvanginn til að efla og bæta markaðssetningu og kynningarstarf

Í nýlegri könnun sem SA gerði á meðal fyrirtækja kom í ljós að fyrirtæki þekkjá ekki mikið til framhaldsfræðslunnar, enda hafa fyrirtæki ekki verið skilgreindur markhópur í kynningarmálum tengdum hugtakinu sem slíku. Hins vegar var upphaflega mikil áhersla á að náms- og starfsráðgjafar færu út í fyrirtæki og stofnanir og kynntu starfið fyrir yfirmönnum og markhópnum. Þessum kynningum fækkaði í kjölfar aukins atvinnuleysis og ráðgjöfinni snúið meira að atvinnuleitendum og þeim sem koma að eigin frumkvæði eða eru í námsleiðum fræðsluaðila. Þeir fræðsluaðilar sem nota MARKVISS-aðferðafræðina fara út í fyrirtæki og kynna starfsemina með þeirri aðkomu, hugsanlega ekki undir heitinu framhaldsfræðsla. Reikna má með að margir atvinnurekendur þekki afmarkaða þætti framhaldsfræðslukerfisins eins og fiskvinnslufyrirtæki þekkjá Grunnnámskeið fiskvinnslufólks, stóriðjufyrirtæki þekkjá Stóriðjuskólann, bankar þekkjá raunfærnimat þjónustufulltrúa í bönkum o.s.frv. ASÍ og SA eru nú að vinna að sameiginlegri vefgátt, sem á að auðvelda fyrirtækjum að nýta styrki/stuðning starfsmenntasjóða til að efla framhaldsfræðslu innan sinna fyrirtækja.

Tillögur að aðgerðum:

Allir aðilar þurfa að ræða hvort og með hvaða hætti þeir geti sammælt um sameiginlega heildarsýn um kynningu á framhaldsfræðslu til fyrirtækja, þar sem hver aðili kemur að málinu á eigin forsendum.

FA geri sérstakt kynningarefni fyrir fyrirtæki (svipað og bæklingar um námsleiðir) sem fræðsluaðilar nýta við kynningar í fyrirtækjum/stofnunum. FA skoði möguleg samlegðaráhrif við vefgátt ASÍ og SA til að auðvelda fyrirtækjum að nýta styrki starfsmenntasjóðanna svo og „Fræðslustjóri að láni“ hjá starfsmenntasjóðunum. FA beini því til aðila vinnumarkaðar að kynna framhaldsfræðsluna á sínum vettvangi.

Fræðslusjóður skoði hvernig hann getur stutt við kynningarstarf almennt og kynningar til atvinnulífs sérstaklega.

Fræðsluaðilar gætu staðið að sameiginlegri markaðssetningu á þjónustunni til fyrirtækja og stofnana ásamt FA. Einnig sett sér markmið um lágmarksfjölda kynninga náms- og starfsráðgjafa í fyrirtækjum/stofnunum og hugi að kynningu gagnvart yfirmönnum í leiðinni.

Fræðsluaðilar geta notað hugtakið framhaldsfræðsla í öllum sínum kynningum.

MRN getur rætt málið við fræðsluaðila á reglulegum fundum og tengt kynningarmál inn í samninga við fræðsluaðila/FA.

7. Könnun í fyrirtækjum

Framkvæma má könnun meðal fulltrúa fyrirtækja um afstöðu þeirra til framhaldsfræðslunnar

Þar sem könnun SA (nefnd hér að ofan) sýnir að fyrirtækin þekkja ekki framhaldsfræðslu, þarf að hefja kynningar áður en könnun er gerð.

Tillögur að aðgerðum:

FA fylgist með niðurstöðum tilraunaverkefnis á Norðvesturkjördæmi og miðli þeim áfram til fræðsluaðila, stjórnar FA og Fræðslusjóðs. Sérstaklega verða skoðaðar niðurstöður sem varða hlutverk „fræðsluerindreka“, sem hefur það hlutverk að vera í sambandi við fyrirtæki og stofnanir.

FA hefur fengið styrk úr Erasmus KA2 til að vinna að þróun „Worklife guidance“. Þar verður unnið með blöndu af ráðgjöf, mannauðsstjórnun og aðferðafræði raunfærnimats til að meta fræðsluþörf fyrirtækja/stofnana og starfsmanna. Markmið verkefnisins er m.a. að efla tengingu við atvinnulífið. Eftir tvö ár þegar verkefninu lýkur kynnis FA það fyrirtækjum sem hluta af framhaldsfræðslu.

Fræðslusjóður gæti keypt spurningar í spurningavagni hjá Capacent t.d. tveim árum eftir að kynningar hefjast.

MRN gæti skoðað hvort tilraunin í Norðvesturkjördæmi þar sem fræðsluerindrekar fara út í fyrirtækin, þarfagreina og bjóða nám, geti verið grundvöllur til að koma þessu fyrirkomulagi á víðar.

8. Ráðgjafar kynni framhaldsfræðsluna

Markaðssetja vettvanginn í gegnum ráðgjöfina

Tillögur að aðgerðum:

FA vinni að því í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa að skoða hvernig kynningarefni myndi henta til þessa starfs. Veigamikil markaðssetning er falin í áframhaldandi þróun og viðhaldi á upplýsinga- og ráðgjafavefnum Næsta skref, en FA hefur unnið að þeim vef í samstarfi við SÆNS í gegnum fjármögnun IPA verkefnisins. Vefurinn var opnaður í desember. Ráðgjafar á vettvangi

framhaldsfræðslunnar (og víðar) kalla eftir vefnum, en FA hefur eins og er ekki skilgreint fjármagn til að sinna þróun og viðhaldi, nema ef IPA verkefnið fær framhald.

Fræðslusjóður fer yfir hvort hægt er að styðja við markaðssetningu gegnum ráðgjöfina t.d. með framlagi til Næsta skrefs.

Fræðsluaðilar gætu skoðað hvernig nýta megi náms- og starfsráðgjöfina betur til markaðssetningar á framhaldsfræðslu. Jafnframt taka margir fræðsluaðilar að sér verkefnið „Ráðgjafi að láni“, sem gæti einnig verið tækifæri til markaðssetningar á framhaldsfræðslunni.

MRN gæti skoðað fjármögnun á þróun og viðhald vefsins Næsta skref.

Mat á námi

9. Samræmdar reglur um mat á námi

Kallað er eftir formlegum samræmdum reglum um mat á námi á milli kerfa og að MRN útfæri þær í samvinnu við framhaldsskóla, háskóla, FA og fræðsluaðila

Mat á einingum í framhaldsfræðslukerfinu hefur ekki gengið eftir eins og lagt var upp með. Það háir einstaklingum að hafa ekki vissu fyrir því hvernig námið verði metið í öðrum kerfum, einkum framhaldsskólum. Hér er hlutverk ráðuneytisins sérstaklega mikilvægt, enda hefur enginn annar aðili umboð til breytinga á þessu sviði.

Tillögur að aðgerðum:

MRN gæti leitt umbætur á þessu sviði, sem taka til samræmdra reglna um mat á námi í samvinnu allra aðila, sem að málum koma. Jafnframt verði leyst úr þeim vanda að skrá árangur námsmanna í samræmt kerfi, sem blasir við eftir að MRN hætti við þróun Skinnu (forsenda í reglugerð varðandi raunfærnimat er að niðurstaða öðlast gildi þegar hún hefur verið færð inn í miðlægt skráningarkerfi, sem ekki hefur gengið eftir). Jafnframt verði ákveðið í samstarfi við alla aðila í framhaldsfræðslu hvernig framhaldsfræðslan geti útskrifað námsmenn með námslok á tilteknum þrepum viðmiðarammans.

10. Nám innan fyrirtækja

Líta þarf einnig til þess náms sem á sér stað innan fyrirtækja

Mikið nám fer fram innan fyrirtækja, sem væri þjóðhagslega hagkvæmt að skrásetja og meta, jafnvel útskrifa starfsmenn með námslok í starfsnámi á grundvelli vottaðs náms eða raunfærnimats tengt þjálfun þeirra og reynslu á vinnumarkaði. Margar námsleiðir hafa orðið til á grundvelli náms í fyrirtækjum, sem hafa síðan staðið öðrum fyrirtækjum til boða, nefna má dæmi eins og Stóriðjuskólann, Vöruflutningaskólann og Lyfjagerðarskólinn. Raunfærnimat í atvinnulífinu er önnur leið til að meta það nám sem fram fer innan fyrirtækja, sem dæmi um það má nefna raunfærnimat bankastarfsmanna og tæknifólks. Starfsmenntasjóðir koma oft að fjármögnun náms innan fyrirtækja og þekkja vel til þess starfs sem þar fer fram. Þeir hafa einnig veitt framlag til raunfærnimats í atvinnulífinu.

Tillögur að aðgerðum:

FA er með málið á dagskrá. FA hefur unnið að nýskipan náms með það í huga að móta greiðar leiðir í

námi og skilgreina námslok, en hægt gengur að koma því á. Dæmi um slíkt verkefni er stórt ferðaþjónustuverkefni. Slíkt verkefni er einnig hafið innan verslunargreina. Greina þarf hverjar helstu hindranir eru við að opna greiðar leiðir í námi, milli kerfa og skilgreina námslok. Til stóð að efla raunfærnimat í atvinnulífinu í IPA verkefninu, en sú vinna liggur niðri vegna óvissu um IPA styrkinn.

FA hefur haft forystu um að setja af stað norrænt verkefni um færniþróun innan fyrirtækja/stofnana, sem mun skoða þessi málefni. FA mun upplýsa stjórnir FA og Fræðslusjóðs um niðurstöður þess verkefnis jafn óðum.

Fræðslusjóður hefur möguleika á að breyta skilmálum þannig að raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins njóti hærrí framlaga úr sjóðnum en nú er. Með því yrði aukin eftirspurn eftir því. Áherslur fyrirtækja eru oft á styttri námskeið. Þau hafa ekki fengið fjármögnun úr Fræðslusjóði (enda leggja lögin skýrar línur um lágmarks lengd námskeiða). Fræðslusjóður gæti haft forystu um viðræður við starfsmenntasjóði um áherslur í fjármögnun náms innan fyrirtækja.

Fræðsluaðilar gætu miðlað upplýsingum um nám innan fyrirtækja/stofnana á þeirra svæðum til FA, sem gæti hentað til raunfærnimats á móti viðmiðum atvinnulífs.

MRN gæti skoðað leiðir til að nám í fyrirtækjum fái staðfestingu þannig að það sé metið að verðleikum á vinnumarkaði og gagnvart námi í framhaldsskólum.

Námsskrárgerð

11. Þjónustukannanir

Efla gæðastarf enn frekar með bættri gagnaöflun m.a. meðal þjónustuþega til að laga námsframboð

Þótt mikilvægt sé að afla upplýsinga um hvernig nám hefur gengið til að bæta það, er ekki síður mikilvægt að grundvöllur náms sé vel ígrundaður. FA hefur þróað tæki til hæfnigreininga í samstarfi við atvinnulífið. Fyrstu námsskrár byggðar á hæfnigreiningum hafa verið sendar MRN til vottunar gegnum námskrárgrunn ráðuneytisins í framhaldsfræðslu. Það er mikilvægt að skoða hvort námsskrár sem byggja á góðum hæfnigreiningum séu betur til þess fallnar að mæta þörfum þjónustuþega framhaldsfræðslunnar. Í því sambandi er mikilvægt að samhengi sé milli bóklegs og verklegs náms svo og starfsreynslu þeirra sem námið sækja. Þannig getur raunfærnimat verið undanfari náms í mörgum tilfellum. Einnig gæti verið til skoðunar hvort samningar um launahækkanir á grundvelli námskeiða skipta máli í þessu sambandi.

Tillögur að aðgerðum:

FA getur stutt við þetta starf, ef óskað er, með því að búa til samræmdar spurningar, sem t.d. mætti leggja fyrir með rafrænum hætti (Starfsmennt hefur reynslu af því). Nú er aflað upplýsinga frá fræðsluaðilum við endurnýjun vottunar námsskráa sem hafa verið tilraunavottaðar. Skoða þarf sérstaklega árangur þeirra námsskráa sem byggja á hæfnigreiningum FA til að meta hvort þær leggi upp námsframboð, sem mætir betur þörfum, heldur en þær aðferðir sem hingað til hafa verið notaðar.

Fræðslusjóður getur stutt við þetta markmið með að meta gæði umsókna í Þróunarsjóð út frá þeim könnunum sem að baki liggja t.d. hæfnigreiningum. Fræðslusjóður getur hvatt til kannana með því t.d. með því að hækka verð til námsleiða gegn því að könnun sé gerð meðal námsmanna eða veita framlag til kannana sérstaklega. T.d. mætti velja eina námsleið á hverju misseri og gera slíka könnun

hjá öllum sem sækja námsleiðina um land allt, einnig mætti gera könnun hjá fyrirtækjum sem nýta tilteknar námsleiðir.

Fræðsluaðilar eru í samskiptum við notendur þjónustunnar og liggur beint við að þeir vinni að þessu markmiði og geri fleiri kannanir meðal námsmanna í námi og eftir nám. Það mætti líta á það sem hlutverk náms- og starfsráðgjafa að taka samband við námsmenn sem hafa lokið/hætt námi með reglubundnum hætti og afla upplýsinga frá þeim. Náms- og starfsráðgjafar gera reglulegar þjónustukannanir meðal ráðþega nú þegar. Einnig gefst fræðsluaðilum nú kostur á að nýta sér hæfnigreiningar FA í starfi sínu.

Mikilvægt er að afla upplýsinga frá þeim sem ekki koma í nám, eða námsskrár henta ekki fyrir. Það er hægt að gera með markvissri skráningu upplýsinga úr símtölum við einstaklinga. Einnig í gegnum náms- og starfsráðgjafa sem heimsækja vinnustaði.

MRN gæti óskað eftir úttektum með reglulegu millibili í þeim samningum sem gerðir eru í framhaldsfræðslunni.

Náms- og starfsráðgjöf

12. Efling ráðgjafar

Efla þarf ráðgjöfina enn frekar í framtíðinni og skoða nánar samspil hennar við aðra þætti vettvangsins

Ráðgjöfin er lykillinn að því að ná til markhópa framhaldsfræðslunnar og tengja þá við viðeigandi úrræði. Mikilvægt er að yfirfara stefnuna í náms- og starfsráðgjöf í ljósi reynslu síðustu 8 ára. Einnig er mikilvægt að huga að stefnumótuninni í náms- og starfsráðgjöf í ljósi markmiða Hvítbókar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Tillögur að aðgerðum:

Allir aðilar sem koma að framhaldsfræðslu þurfa að fara yfir reynsluna af náms- og starfsráðgjöf og niðurstöður úttektar og móta stefnu til næstu ára. FA hefur unnið að vef um störf og nám innan IPA verkefnisins „Næsta skref“. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til áframhaldandi þróunar þessa verkefnis.

FA tekur málefnið fyrir á samráðsfundum ráðgjafa og í tengslum við ný erlend samstarfsverkefni í náms- og starfsráðgjöf sbr. Erasmus verkefni „Worklife guidance“ og „Guidance and Orientation of Adult Learners“ (GOAL), sem ætlað er að ná til þeirra hópa sem veikast standa og búa við skerta stöðu.

Fræðslusjóður taki málið fyrir á stefnumótunarfundi með hagsmunaaðilum.

13. Yfirlit árangurs og skilgreining á viðtölum

Vantar yfirlit yfir árangur og eftirfylgni af ráðgjöf og skilgreiningar á viðtölum eru á reiki

Árangur ráðgjafarinnar er tekinn fyrir með reglulegum hætti á ráðgjafafundum, þ.e. úrvinnsla upp úr skráningakerfinu. Niðurstöður úttektarinnar verða teknar fyrir á samráðsfundum ráðgjafa.

Tillögur að aðgerðum:

FA hefur haft forgöngu um skilgreiningu viðtala og hefur lagt hana fyrir stjórn Fræðslusjóðs. FA vinnur að breytingum á skráningarkerfinu í náms- og starfsráðgjöf þannig að auðvelt sé að fylgjast með ástæðum brotthvarfs og fjölda þeirra sem hverfa á brott. Þetta verður gert á grundvelli niðurstaðna úr brotthvarfskönnunum náms- og starfsráðgjafa sem voru í gangi á árinu 2014.

Fræðslusjóður tekur afstöðu til skilgreiningar viðtala og breytir skilmálum og úthlutunarreglum eftir því sem við á.

Fræðsluaðilar gætu skoðað með reglulegum hætti ástæður brotthvarfs úr framhaldsfræðslunni og miðli niðurstöðum innan sinnar stofnunar og til samstarfsaðila í framhaldsfræðslu þ.e. FA og Fræðslusjóðs.

Raunfærnimat

14. Hópar í dreifbýli

Aðstæðumunur er á milli svæða til að búa til nógu stóra hópa í raunfærnimatskerfinu

Í gangi er tilraun í Norðvesturkjördæmi, sem gengur út á að setja af stað blandaða hópa í raunfærnimati og styðja þátttakendur áfram til náms eftir fjölbreyttum leiðum. Þetta er tilraun til að mæta þessum aðstæðumun, þar sem ekki næst í nægilega stóra hópa til að fara í gegnum mat í sömu greininni. Þegar sú staða er uppi er heldur ekki hægt að skipuleggja nám fyrir hóp í framhaldi af raunfærnimati. Vandinn varðar því bæði raunfærnimatið og námið í kjölfarið. Mikilvægt er að draga lærdóm af þessari tilraun. Þróun í raunfærnimati er í þá átt að verkefnin nái út fyrir einstök svæði, jafnvel eru þau landsdekkandi. Ástæða er til að styðja við þessa þróun.

Tillögur að aðgerðum:

FA fylgist með tilraunaverkefninu til að draga lærdóm af og upplýsa fræðsluaðila, leggja til við stjórn Fræðslusjóðs breytingar á skilmálum og úthlutunarreglum og MRN vegna breytinga á reglugerð, ef niðurstöður eru þess eðlis.

Fræðslusjóður getur hvatt til þess að leitað sé eftir nýjum leiðum til raunfærnimats með því að leggja það til sem forgangssvið í Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Einnig væri hægt að hugsa sér að gera breytingar á verðlagi, ef um tilraunir er að ræða.

Fræðsluaðilar gætu notað tæknilausnir í meira mæli í raunfærnimati sbr. skimun og matsviðtöl gegnum Skype, sem hafa verið reyndar með góðum árangri.

15. Mettun í greinum

Raunfærnimatskerfið mögulega mettað í sumum greinum í bili. Veikari hópur situr eftir.

Í niðurstöðum raunfærnimats er ekkert sem bendir til þess að hópar séu að veikjast, meðalfjöldi staðinna eininga er ekki að fækka í greinum. Það er spurning hvort það er slæmt að mettun verði í ákveðnum greinum. Slík mettun verður sennilega fyrst á tilteknum svæðum. Mikilvægt er að einstaklingar sem eiga erindi í mat hafi möguleika til þess. Ef hópar eru að veikjast er mikilvægt að sjá til þess að skimun sé í lagi og ekki verið að stækka hópa með einstaklingum, sem ekki eiga erindi í raunfærnimati, til þess eingöngu að koma raunfærnimati af stað. Í IPA verkefninu hefur verið lögð áhersla á að þróa góða skimunarlista og nota þá.

Tillögur að aðgerðum:

FA og **fræðsluaðilar** gætu unnið að því í sameiningu að efla skimun. Leita þarf leiða til þess að setja af stað blandaða hópa og leita einnig leiða til að þjónusta hópa á öllu landinu og nýta m.a. til þess tæknilausnir eins og Skype.

FA, Fræðslusjóður og MRN leitist við að fjölga leiðum til raunfærnimats á þeim grundvelli, sem IPA verkefni FA byggði á, takist ekki að fá meira fjármagn frá ESB inn í verkefnið.

Samskipti milli aðila

16. Samstarf jafningja

Samstarf sé á jafningjagrundvelli eftir því sem hægt er miðað við hlutverk hvers og eins aðila innan framhaldsfræðslunnar

Samstarf er á ábyrgð allra þeirra aðila sem standa að framhaldsfræðslu. Þeir þurfa að koma sér saman um hvaða atriði skipta máli til að samstarf gangi vel og taka þátt í því af heilum hug. Málefni sem varða samstarf er hægt að taka fyrir á sameiginlegum fundum aðilanna.

Tillögur að aðgerðum:

FA heimsæki fræðsluaðila með reglubundnum hætti, sendi út upplýsingar og fjölgi fundum með fræðsluaðilum. FA móti stefnu um upplýsingamiðlun til fræðsluaðila í samráði við þá. FA upplýsi starfsmenntasjóði um þau málefni sem eru efst á baugi í framhaldsfræðslunni.

Fræðslusjóður bjóði til fleiri samráðsfunda með fræðsluaðilum. Fræðslusjóður ætti að íhuga samráð við starfsmenntasjóði.

Fræðsluaðilar geta tekið virkan þátt í samstarfi, aukið upplýsingaflæði sín á milli og til FA, Fræðslusjóðs og starfsmenntasjóða.

MRN gæti tekið málið upp á reglulegum fundum með fræðsluaðilum.

17. Fleiri samtals- og umræðufundir

Þörf fyrir fleiri fundi með öllum fræðsluaðilum sem ættu að vera samtals- og umræðufundir en ekki einhliða upplýsingafundir. Þörf er fyrir meira jafnræði.

Tillögur að aðgerðum:

FA og **Fræðslusjóður** skipuleggi fundi í samræmi við óskir fræðsluaðila og hlutverk sín.

Fræðsluaðilar geta sett fram skýrar óskir um fjölda funda, tímasetningar og viðfangsefni með eftirtöldum aðilum FA, Fræðslusjóði og MRN.

18. Nýta má góð dæmi til þróunar

Á samráðsfundum ráðgjafa miðla þeir sín á milli góðum dæmum með reglulegum hætti. Sama mætti gera á verkefnastjórafundum og framkvæmdastjórafundum.

Tillögur að aðgerðum:

FA taki málefnið fyrir á samráðsfundum og ræði m.a. hvernig hægt er að gera miðlun góðra dæma skilvirkari. FA bjóði fræðsluaðilum að kynna nýjungar í starfi sínu á ársfundi, þ.e. kynningarbása.

Fræðslusjóður getur sett málið inn á forgangslista vegna úthlutana úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Fræðsluaðilar geta tekið þátt í virku samtali um góð dæmi og hvernig hægt sé að nýta þau til áframhaldandi þróunar heima fyrir, nefna má tilraunaverkefni í Norðvesturkjördæmi og Breiðholti og ýmis erlend samstarfsverkefni sem þeir eru þátttakendur í.

MySchool –nemendabókhald og miðlæg skráning

19. Miðlægt mat

Ekki til staðar samræmt eða miðlægt mat á framgangi nemenda í kjölfar náms innan framhaldsfræðslunnar.

MRN hefur hætt við að byggja upp Skinnu, sem átti að taka miðlægt við gögnum úr ýmsum skráningarkerfum. FA átti að sjá til þess að námsnetið MySchool gæti tengst Skinnu til að miðla upplýsingum um framgang námsmanna í eitt samhæft kerfi. Mat í framhaldsfræðslu er ekki samhæft og þarf að skoða þau mál undir forystu MRN.

Tillögur að aðgerðum:

Æskilegt er að **MRN** hafi forystu um að leysa málefni varðandi samhæft skráningarkerfi í samráði við þá aðila sem að málum koma innan framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Jafnframt hafi ráðuneytið forystu um að samhæfa mat á námi þannig að vissa sé um niðurstöður mats hjá notendum þjónustunnar eftir því sem hægt er.

20. Skráningarkerfi

MySchool er til trafala - nauðsynlegt að finna kerfi sem svarar þörfum ólíkra aðila án tvíverknaðar, óþarfa handavinnu og tilheyrandi villuhættu.

S.I. haust voru starfsmenn viðurkenndra fræðsluaðila sem sinna skráningum í nemendabókhaldið MySchool kallaðir saman til að yfirfara kerfið og leggja til breytingar. Stúdía, eigandi kerfisins, tók þátt í þessum fundum og gerði breytingar í kjölfarið. Niðurstöður úttektar benda til þess að þetta hafi ekki leyst þann vanda, sem við er að glíma. FA hefur hafið umfangsmikla vinnu við að greina í hverju vandinn felst; greiningin mun leiða til þess að a) skilgreina leiðir til að bæta MySchool, b) skilgreina þjálfun starfsmanna við skráningu, ásamt því að auka samskipti og samstarf þeirra við Stúdíu, c) grundvöllur er lagður til að velja annað kerfi eða hanna nýtt.

Tillögur að aðgerðum:

FA sendi starfsmann sinn ásamt starfsmanni Stúdíu í heimsókn til allra fræðsluaðila, sem nota nemendabókhaldið MySchool, til að kanna hindranir og hvort hægt sé að mæta þeim kröfum sem fræðsluaðilar gera til kerfisins. Í samráði við fræðsluaðila var ákveðið að endurnýja samninginn við Stúdíu. Jafnframt var ákveðið að hefja skoðun á INNU sem hugsanlegum arftaka MySchool.

Fræðsluaðilar tóku ákvörðun með FA í kjölfar yfirferðar um hvaða leið verði farin til að mæta þörfinni fyrir nemendabókhald. Ákveðið var að FA endurnýjaði samninginn með breyttri áherslu og jafnframt að fræðsluaðilar geri samning um þjónustu við Stúdíu, en þessi þjónusta fór áður fram með milligöngu FA. Fræðsluaðilar meti árangurinn af þessari breytingu og skoði jafnframt aðra möguleika á nemendabókhaldi með FA.